

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð sjávarútvegs- og siglingagreina
Starfsheiti	Skipstjóri C/D stig
Dagsetning	07.09.2021
Útgáfunúmer	1.0

Starfalýsing:

Sá sem lokið hefur skipstjórnarnámi C hefur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, öðlast rétt til þess að fá útgefið atvinnuskírteini til skipstjórar sem veitir réttindi: Til að gegna stöðu yfirstýrimanns og skipstjóra á fiskiskipum og öðrum skipum án takmarkana í stærð eða farsviði. Til að gegna stöðu undirstýrimanns á farþega- og flutningaskipum án takmarkana í stærð og farsviði, (skírteini STCW II/1). Til að gegna stöðu yfirstýrimanns og skipstjóra á farþega- og flutningaskipum allt að 3000 brúttótonn, (skírteini STCW II/2 (3000 BT))

Skipstjóri hefur í öllum efnum æðsta vald á skipi. Stýrimenn og aðrir í áhöfn eru skipstjóra til aðstoðar við siglingu skips og sinna þeim störfum sem skipstjóri felur þeim. Yfirstýrimaður gegnir hlutverki skipstjóra í fjarveru skipstjóra og stendur siglingavakt á móti skipstjóra. Hann skal annast um að skip sé haffært og að það sé vel útbúið, þ.e. nægilega vel mannað, búið vatni og vistum til fyrirhugaðrar ferðar og öryggisbúnaði í samræmi við þau ákvæði í lögum og reglugerðum sem um hann gilda. Skipstjóri skal sjá um að stöðugleiki skips sé á hverjum tíma fullnægjandi og að skip sé ekki ofhlaðið, að öll viðeigandi skírteini séu í gildi og að lögboðnar skoðanir á skipi fari fram. Hann skipuleggur siglingu skips og tekur ákvarðanir um siglingaleið, stefnu og siglingalag á hverjum tíma með aðstoð siglingatækja og sjókorta, auk fiskileitartækja þegar það á við. Hann gefur stýrimönnum fyrirmæli um siglinguna, gætir þess að siglingareglum sé fylgt og að tímaáætlanir standist. Hann stjórnar skipi í neyðartilvikum, þegar nákvæmni er þörf vegna veðurfars eða hafstrauma, þegar lagst er að bryggju og við siglingu á erfiðum og/eða fjölförnum siglingaleiðum. Skipstjóri ber ábyrgð á fjarskiptum, á meðferð hættulegra efna og á að viðeigandi ákvæðum um varnir gegn mengun sjávar og stranda og um umhverfisvernd sé fullnægt.

Skipstjóri annast um að tryggilega sé gengið frá farmi, annast um farþega og þau ökutæki sem tekin eru til flutnings. Honum ber að sjá um að áhöfn og farþegum sé leiðbeint um aðgerðir á neyðarstundu og að framkvæmdar séu æfingar í viðbrögðum við neyðarástandi í samræmi við reglur. Skipstjóri samræmir störf skipverja, sér til þess að skráðar séu skipsdagbækur og sér um að koma sjúkum skipverjum undir læknishendur. Hann velur fiskimið og skipuleggur veiðar í samræmi við aflaheimildir, lög og reglur um veiðar og veiðisvæði. Skipstjóri hefur umsjón með fermingu og affermingu skips og ber ábyrgð á réttri hleðslu þess og stöðugleika miðað við fyrirhugaða siglingu. Hann er tengiliður milli útgerðar og skipverja og gætir hagsmuna beggja, annast samskipti við hafnaryfirvöld og eftirlitsyfirvöld. Skipstjóri annast ráðningar og lögskráningu skipshafnar og gætir þess að skipverjar hafi tilskilin réttindi, ber ábyrgð á velferð skipverja og aðbúnaði, að skip sé haffært og lögboðnir pappírar þess séu í gildi. Skipstjóri vinnur ávallt samkvæmt gildandi öryggisstöðlum. Skipstjóri ber ábyrgð á öllum rekstri skipsins gagnvart útgerðaraðila, farm- eða aflaeigendum og stjórnvöldum, þ.m.t. siglingu skips, störfum allra skipverja, meðhöndlun farms eða afla, velferð farþega, viðhaldi skips, ástandi öryggismála um borð og þjálfun áhafnar. Hann ber einnig ábyrgð á ástandi og lögmæti veiðarfæra fiskiskips, velur fiskimið og skipuleggur veiðarnar svo þær samræmis aflaheimildum.

Sá sem öðlast atvinnuréttindi til samræmis við skipstjórn C fullnægir hæfniskröfum sem gerðar eru til skipstjórnarmanns samkvæmt starfalýsingu fyrir skipstjórn A og B stigs. Fullnægir að auki eftirfarandi hæfniskröfum umfram þær sem gerðar eru samkvæmt skipstjórn A og B stigs:

Hæfniskröfur:
Siglir skipi, af þeirri stærð og gerð sem réttindi hans ná til af öryggi, semur og fylgir siglingaáætlun, fer að siglingareglum og öðrum þeim reglum sem ná yfir siglingu skipsins á farsviði þess.
Tekur ákvarðanir sem við eiga um skipið, siglingu þess og áhöfn með tilliti til gildandi laga og reglugerða.
Tekur tillit til og tileinkar sér góða umgengni um hafið og aflann sem dreginn er úr sjó.
Semur siglingaáætlun og notar til þess þær siglingafræðilegu upplýsingar sem við eiga með hliðsjón af fyrirhugaðri ferð skipsins.
Beitir þekkingu sinni til þess að viðhalda tryggu öryggisstigi um borð t.d. með viðeigandi aðferðum öryggisstjórnunar og með markvissum björgunaræfingum um borð.
Þekkir til hlutverks eftirlitsstofnana og skyldu skipstjóra gagnvart hlutverki þeirra.
Sýnir fagmennsku og starfar í samræmi við siðareglur greinarinnar og vinnustaðarins/skipsins.
Tjáir sig af öryggi, munnlega og skriflega s.s. með siglingadagbókum og aflaskýrslum.
Getur reiknað út stöðugleika skips og séð til þess að skipið uppfylli stöðugleikakröfur með tilliti til m.a. umhverfisþátta og við þyngdartilfærslur innan skipsins.
Þekkir uppbyggingu og virkni vél- og rafbúnaðar skipsins, þekkja þau áhrif og afleiðingar sem bilanir í vél- og tækjabúnaði skipsins geta haft og um þann vara- eða neyðarbúnað sem skipið skal búið í samræmi við reglur.
Getur brugðist á viðeigandi hátt við bilunum á vél- og tækjabúnaði skipsins.
Þekkir uppbyggingu og virkni fjarskiptatækja um borð.
Reiknar út stöðugleika skips og tryggir að skipið uppfylli stöðugleikakröfur með tilliti til m.a. umhverfisþátta og við þyngdartilfærslur innan skipsins og með tilliti til álags á skipsbolinn.
Þekkir uppbyggingu og virkni vél- og rafbúnaðar skipsins, þekkir þau áhrif og afleiðingar sem bilanir í vél- og tækjabúnaði skipsins geta haft og þekkja þann vara- eða neyðarbúnað sem skipið skal búið í samræmi við reglur.
Hefur kynnt sér til hlítar lög og reglur um stjórn fiskveiða
Getur beitt stjórnunarþekkingu til þess að stýra vinnu áhafnar.
1.17. Þekkir lög og reglur sem eiga við í alþjóðlegum siglingum varandi skipið, siglingu þess og áhöfn.
Þekkir uppbyggingu og virkni vél- og rafbúnaðar skipsins.
Nýtir af öryggi ARPA ratsjá við siglingu skipsins.
Bregst á viðeigandi hátt við bilunum á vél- og tækjabúnaði skipsins.

Nýtir af öryggi rafrænt sjó korta og upplýsingakerfi ECDIS
Kann að gera siglingaráætlanir vegna langsiglinga.
Getur beitt kunnáttu sinni við færslur í leiðarabók og við gerð siglingarskýrsla.
Þekkir flokkunarkerfi fyrir flutning á hættulegum farmi og þær ráðstafanir sem þarf að viðhafa við slíkan flutning.
Sinnir öllum fjarskiptum og notar fjarskiptabúnað skipsins.
Reiknar út stöðugleika skipsins og sér til þess að skipið uppfylli stöðugleika- og hleðslukröfur og leggur mat á hvort og hvenær hætta sé á að skip verði ofhlaðið.
Beitir aðferðum og úrlausnum í anda sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgja vistvænum viðmiðum í starfi.
Beitir samskiptafærni til að geta átt farsæl samskipti við einstaklinga með ólíkar þarfir og hefur færni til að takast á við erfið samskipti í starfi.
Beitir þeim veiðarfærum sem skipið er útbúið.
Nýtir þau siglinga- og fiskileitartæki sem skipið er búið með markvissum hætti.
Beitir þekkingu sinni til þess að velja viðeigandi veiðislóð eftir því sem við á hverju sinni.
Beitir aðferðum við að hafa stjórn á farþegum á neyðarstundu og veitir áhöfn fullnægjandi þjálfun við að takast á við slíkar aðstæður.
Beitir stjórnunarþekkingu til þess að skipuleggja og stýra vinnu áhafnar.
Sigilir skipi með aðgæslu við erfiðar og þröngar aðstæður svo sem innan hafnar.
Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir til vinnuverndar og öryggisferla á skipum og bregst rétt við neyðaraðstæðum sem upp geta komið um borð.
Beitir faglegri þekkingu til þess að skipuleggja siglingu, veiðar og vinnu um borði í skipinu.
Er fær um að veita skyndihjálp ef slys, veikindi eða óhöpp ber að höndum.
Beitir færni í að greina veðurskilyrði, þekkir þær hættur sem skapast geta á siglingu skipsins vegna veðurs eða annarra utanaðkomandi ógnar og bregst við með viðeigandi hætti hverju sinni.
Tryggir öryggi skips, áhafnar, farms og farþega og beitir viðeigandi varnaráðstöfunum á skipinu hverju sinni.
Þekkir reglur um framkvæmd eftirlits og um viðbrögð þegar að slys eða óhöpp verða um borð.
Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, er fær um að tileinka sér nýjungar og hagnýta þá þekkingu í starfi.
Vinnur eftir gæðaviðmiðum, gerir sér grein fyrir mikilvægi öryggisvarna, þekkir til helstu orsaka vinnuslysa og þeirra reglna sem gilda um vinnuvernd, m.a. um rétta líkamsbeitingu.